

Matvælaráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. marz 2022

Efni: Umsögn um áherzlur og verklag ráðuneytisins við stefnumótun á sviði matvæla

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til skjals ráðuneytisins, *Áherslur og verklag við stefnumótun á sviði matvæla*, sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda 28. febrúar síðastliðinn. Í skjalinu er, eins og titillinn gefur til kynna, lýst áformuðum áherzlum og verklagi ráðuneytisins við mótun stefnu á sviði matvæla.

FA hefur árum saman átt í samskiptum um ráðuneytið um mótun stefnu í málum sem tengjast matvælaframleiðslu, ekki sízt varðandi sjávarútveg og landbúnað. Rauður þráður í þeim samskiptum hafa verið ábendingar félagsins um að ekki sé nægilega hugað að því af hálfu stjórnvalda að tryggja virka samkeppni í þessum greinum. Félagið fagnar því að heildstæð stefnumótun standi nú fyrir dyrum, með það að markmiði að Ísland verði í fararbroddi í matvælaframleiðslu í heiminum, til samræmis við stjórnarsáttmálann og áherzlur ráðherra. FA þykir hins vegar nokkuð vanta upp á það í skjalinu að samkeppnissjónarhornið sé hluti af áherzlunum. Ekki þarf að hafa mörg orð um að virk samkeppni á sviði matvælaframleiðslu, rétt eins og annarra framleiðslugreina, er einn lykillinn að því að tryggja arðbærni þeirra og alþjóðlega samkeppnishæfni.

Rétt er að rifja upp tvö nýleg erindi sem FA hefur beint að ráðuneytinu og varða samkeppni á sviði landbúnaðar og sjávarútvegs.

Tillögum samkeppnisyrvalda ekki sinnt

Hinn 20. nóvember 2020 sendi félagið ráðuneytinu (atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti) erindi þar sem lagt var til að haldið yrði áfram þeirri vinnu sem ráðuneytið fór í varðandi samkeppnismat á regluverki byggingariðnaðar og ferðaþjónustu. FA lagði til að regluverk landbúnaðar og sjávarútvegs yrði næst tekið fyrir.

Vísaði félagið m.a. til þess að lög og reglur um bæði landbúnað og sjávarútveg fælu í sér margs konar samkeppnishindranir. Samkeppnisyrvöld hefðu sent ráðuneytinu og/eða forverum þess ábendingar um þær margar, en úrbótatillögur hefðu hlotið lítinn hljómgrunn.

FA rifjaði m.a. upp álit Samkeppniseftirlitsins frá 2012 um samkeppnishindranir vegna aðstöðumunar annars vegar útgerða sem ekki stunda fiskvinnslu og fiskvinnslufyrirtækja sem ekki stunda jafnframt veiðar á sjávaraflla og hins vegar svokallaðra lóðrétt samþættra sjávarútvegsfyrirtækja, sem bæði stunda veiðar og vinnslu. Tillögum samkeppnisyrvalda um úrbætur hefur lítt eða ekki verið sinnt.

FA benti einnig á margvísleg álit, umsagnir og skýrslur samkeppnisyrvalda vegna regluverks í landbúnaði, en af tillögum Samkeppniseftirlitsins má nefna eftirfarandi:

- Undanþágur mjólkurafurðastöðva frá ákvæðum samkeppnislaga verði afnumdar.

- Samkeppnislög gildi fullum fetum í landbúnaði og vinnslu landbúnaðarafurða líkt og í annarri atvinnustarfsemi.
- Búvörulög verði tekin til heildstæðrar endurskoðunar til að greiða fyrir samkeppni.
- Bændur séu ekki bundnir í viðskiptum við tiltekna afurðastöðvar, heldur eigi val.
- Tryggt verði að íslenskur landbúnaður hafi samkeppnislegt aðhald, m.a. af innflutningi.
- Felldir verði niður tollar á mjólkurdufti til að greiða fyrir samkeppni í mjólkuriðnaði.
- Tollar verði felldir niður á svína- og kjúklingakjöti.
- Útboð á tollkvótum verði felld niður eða kvótunum úthlutað án endurgjalds.

Tvöföld verðlagning í sjávarútvegi

Þá rituðu FA og samstarfsfélagið SFÚ, Samtök fiskframleiðenda og útflytjenda, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu erindi hinn 15. desember síðastliðinn og vísuðu til ákvæða stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur um skipan starfshóps til að kortleggja m.a. áskoranir og tækifæri í sjávarútvegi, skapa sátt um umgjörð greinarinnar og auka gegnsæi í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja.

Félögin bentu á nauðsyn þess að huga að samkeppnisstöðu sérhæfðra fiskvinnslu í þessari vinnu, þ.e. fiskvinnslu sem ekki reka jafnframt útgerð heldur væru háðar fiskmörkuðum um hráefnisöflun. Í erindinu var bent á að eitt af því sem stendur rekstri þessara fyrirtækja fyrir þrifum er skert samkeppnisstaða vegna svokallaðrar tvöfaldrar verðlagningar á sjávarútvegi. Uppgjörsvorð vinnslu- og útgerðarfyrirtækja í innri viðskiptum er mun lægra en verð það sem fæst fyrir fiskinn á fiskmörkuðum. Tvöfalda verðlagningin er að mati samtakanna eitt af því sem stendur í vegi fyrir því að samfélagsleg sátt ríki um sjávarútveg á Íslandi og að greinin skili þeim verðmætum til samfélagsins sem hún gæti og ætti að gera.

Í þessu samhengi var aftur rifjað upp álit Samkeppniseftirlitsins frá 2012, þar sem fjallað er um samkeppnishindranir í sjávarútvegi og eftirfarandi tillögur lagðar fram til úrbóta:

1. Beita sérstökum milliverðlagningarreglum. Milliverðlagningarreglur hafa það að markmiði, í þessu tilviki, að verðlagning í innri viðskiptum á milli útgerðar- og fiskvinnsluhluta lóðrétt samþættrar útgerðar verði eins og um viðskipti milli tveggja óskyldra aðila sé að ræða.
2. Koma í veg fyrir að skip útgerðar sem ekki er samþætt greiði hlutfallslega hærri hafnargjöld með því að miða aflagjöld hafna við önnur hlutlæg viðmið, t.d. landað magn eða fiskverð sem væri ákveðið af óháðum opinberum aðila.
3. Ráðherra getur breytt hinu lögákveðna fyrirkomulagi laga um Verðlagsstofu skiptaverðs þess efnis að útgerðarmenn komi með beinum hætti að ákvörðun um svokallað Verðlagsstofuverð sem útgerðir notast við í innri viðskiptum á milli útgerðarluta og fiskvinnsluhluta fyrirtækjanna.
4. Heimildir til kvótaframsals verði auknar en slík breyting væri til þess fallin að jafna aðstöðumun fiskvinnslu án útgerðar gagnvart fiskvinnslu samþættra útgerða til að verða sér út um hráefni til vinnslunnar.

Í framhaldi af sendingu þessa erindis áttu fulltrúar FA og SFÚ góðan fund með matvælaráðherra, Svandísi Svavarsdóttur, og embættismönnum ráðuneytisins 5. janúar síðastliðinn.

Samkeppnissjónarhornið er mikilvægt – líka í landbúnaði

FA fagnar því að í skjalinu sé tekið fram að á meðal viðfangsefna ráðherra sé að meta stöðu samkeppni og aðgangshindrana í sjávarútvegi. Á meðal verkefna starfshóps 2, eins fjögurra hópa sem skipaðir verða af ráðherra, er að skoða samkeppni, verðlagsmál og aðgangshindranir og eins gegnsæi í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja. Að mati FA er mikils vert að þessi atriði séu á meðal viðfangsefnanna í vinnu ráðuneytisins.

Ekki sjást hins vegar nein merki þess í skjalinu að sams konar nálgun verði viðhöfð við áframhaldandi vinnu ráðuneytisins við mótun landbúnaðarstefnu eða við þá endurskoðun búvörusamninga sem stendur fyrir dyrum. Að mati FA er algjört lykilatriði að samkeppnissjónarhornið, þar með taldar hinar mörgu tillögur samkeppnisyfirvalda um úrbætur á lagaumhverfi landbúnaðarins, sé hluti af nálgun ráðuneytisins á mótun stefnunnar í landbúnaðarmálum. Ekki verður séð af hverju annað ætti að gilda um landbúnaðinn en sjávarútveginn í þessari vinnu.

FA er eins og ævinlega reiðubúið að funda með ráðuneytinu um þetta efni.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA